

Hafnarfjörður, 17. febrúar 2022
2111480 AMT

Efni: Athugasemdir og svör vegna grenndarkynningar Hádegisskarð 26.

Á fundi Skipulags og byggingarráð 30. nóvember sl var samþykkt að senda í grenndarkynningu umsókn lóðarhafa við Hádegisskarð 26 um breytingu á deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að fjölga íbúðum úr tveimur í þrjár og að fjölga bílastæðum úr tveim í fjögur. Byggingarreitur færir um 1m til vesturs og stefna þaks breytist og verður austur-vestur í stað norður-suður.

Erindið var grenndarkynnt frá 20. desember til 26. janúar, athugasemd barst.

Athugasemdir	Svör
<p>Lilja Kristjánsdóttir, Drangsskarði 17</p> <p>Gerð er athugasemd við breytingu á þakformi og lýst yfir áhyggjum á að sú breyting geti haft áhrif og vind og veðurfar á lóð inni nr. 17 við Drangsskarð. Óskað er eftir nánari athugunum.</p> <p>Vitnað er í greinargerð deiliskipulag fyrir Skarðshlíð þar segir: „Hæð bygginga og þakhalli var skoðaður, sem gaf til kynna að byggingar sem stallast niður með landinu og hafa þakhalla rísandi til suður- suðvestur geta dregið úr vindi og hjálpað honum að fleytast yfir byggð.“ Ennfremur segir um veðurfar: “Vindmælingar frá Ásfjalli og Straumsvík benda til þess að hafgola úr norðvestri sé ríkjandi að sumarlagi að degi til. Að vetrarlagi eru ríkjandi vindáttir frá austri og suðaustri.”</p> <p>Fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir breytingu á þakhalla sem getur haft, miðað við framangreint, áhrif á vind og veðurfar á okkar lóð. Ég óska eftir að þetta verði tekið til nánari athugunar.</p>	<p>Leitað var eftir áliti hjá sérfræðingi sem vinnur með forrit í vindmælinum. Hann hélt því fram að svona lítil breyting á þakformi hefði engin áhrif á vindafar í nágrenni sínu. Það væri fyrst við hækkun húsa um þrjár, fjórar hæðir þegar vindafarið fer að hafa áhrif á nágrenni sitt.</p> <p>Hann vildi meina að það tæki því ekki að gera módel til að mæla áhrif vinds vegna þessara litlu breytinga á þakformi.</p> <p>Fyrir liggur greinargerð frá hönnuði um áhrif breytingarinnar á vind og veðurfar.</p>

